

Stjórnarfundur STÍ nr. 8 2023-11.08.23

Stjórnarfundur STÍ haldinn á Teams. Fundur hefst kl. 12:00

Fundarritari: Magnús Ragnarsson

Mættir eru:

Halldór Axelsson, Guðmundur Kr. Gíslason, Magnús Ragnarsson, Sigurður Ingi Jónsson, Jórunn Harðardóttir, Ómar Örn Jónsson og Birna Jóhanna Sævarsdóttir.

Fundardagsskrá:

1. Benchrest málefni

Halldór fer yfir fundinn sem á að boða með benchrest menn. Rætt um hvort hann verði á staðnum eða í gegnum fjarfundarbúnað. Verður staðarfundur.

Ræða þarf í hvaða samtökum skal vera í, en um er að ræða 5 sambönd um 3 greinar og sumar greinar undir fleiri samtökm en einni. Koma á samkomulagi milli iðkendur Benchrest á Íslandi og STÍ.

Stjórn sammála um að STÍ geri kröfu að allir iðkendur í þessum greinum í gangist undir lyfjaeftirlit Íslands, en ekkert samband benchrest er í WADA.

Fá þarf iðkendur að borðinu og fá þeirra skoðun á hvernig haga skuli málefnum.

Boða skal formenn eða aðila sem formenn tilfnefna. Tvo frá hverju félagi.

Formanni falið að boða til fundar og finna aðstöðu til fundar.

Samþykkt samhljóða.

2. Málefni heimasíðu.

Sigurður búin að gera spurningaskjal um heimasíðuna sem þarf að svara varðandi hönnun sem hann kynnti fyrir sjórn. Stjórn svara spurningalistanum fyrir næsta fund.

3. Önnur mál

- Halldór nefnir að fara þurfi í vinnu við reglugerðir Stí, þarfnast yfirlstrar og ýmislegt úrelt eða óljóst í þeim. Halldór fer í þetta og mun Guðmundur og Magnús og leggja tillögur fyrir stjórn um miðjan nóvember.
- Magnús leggur til að stí sendi út upplýsingapóst um Riac og Intershoot skotmótin á aðildarfélögin. Stí aðstoði við skráningar á mótin hafi félög áhuga á að senda á mótin.
- Magnús kynnir að til stendur að boða dómara nefnd í næstu viku til fyrsta fundar.
- Rætt um útsendingarmál. Sigurður nefnir hvort þurfi fjölmiðlanefnd. Tekið vel í það.

Ekki fleira gert á fundi og fundi slitið kl. 13:25